

1985 nr. 43 4. júní**Lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins**

Tóku gildi 1. júlí 1985. Breytt með 1. 84/1991 (tóku gildi 1. jan. 1993, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Skipan Verðlagsráðs og verkefni.**■ 1. gr.**

□ Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. [Ráðherra]¹⁾ skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskfram-
leiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.

2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskfram-
leiðenda.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og
Austurlandi.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvestur-
landi.

4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleið-
enda.

□ Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í
senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í
Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kys sér for-
mann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskselj-
enda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt fram-
kvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

□ Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt
þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir
því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og
fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun,
komi sem best fram.

□ Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða
sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg
störf eftir því sem þörf krefur.

¹⁾ L. 126/2011, 109. gr.

■ 2. gr.

□ Við ákvörðun um verð á sjávarafra skal Verðlagsráð skip-
að 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaup-
endum skv. 1. gr.

■ 3. gr.

□ *Fiskideild*. Þegar ákveða skal verð á sjávarafra, öðrum en
þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skip-
að 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum
fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskfram-
leiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumið-
stöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verð-
lagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og
4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og

hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1
frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávar-
afra, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3
fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi
Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumið-
stöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskfram-
leiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má
hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félags-
bundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja
þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari máls-
grein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fisk-
mjölsframleiðenda.

□ Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð
skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi
Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síld-
arsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda
á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum
á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að
gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaup-
enda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fisk-
mjölsframleiðenda.

■ 4. gr.

□ *Síldarsöltunardeild*. Þegar ákveða skal verð á síld til sölt-
unar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda sam-
kvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Fé-
lagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Félagi
síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

■ 5. gr.

□ *Bræðsludeild*. Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til
bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er eingöngu eða að
verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrú-
um fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaup-
enda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

□ Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4.
og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

■ 6. gr.

□ [Verð á öllum tegundum fersks sjávarafra, úrgangsfiski
og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveðið með
frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda eða með
sölu á uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 123 28. desember 1989.

□ Verðlagsráði er þó heimilt með meiri hluta atkvæða að
ákveða lágmarksverð einstakra tegunda sjávarafra fyrir tiltek-
ið tímabil.¹⁾

¹⁾ L. 84/1991, 1. gr.

■ 7. gr.

□ Skytt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifé-
lagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum
fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum sem hafa með
höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verðlags-
ráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf
þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal

á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. kafli. Um verðákvæðanir Verðlagsráðs.

■ 8. gr.

□ Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávaraflla meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávararafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ.e. tekið verði mið af gæðum sjávaraflla eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

□ [Verðlagsráð kveður sjálf á um verðlagstímabil.]¹⁾

¹⁾ L. 84/1991, 2. gr.

■ 9. gr.

□ Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávaraflla liggja fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvernær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

■ [10. gr.]¹⁾

□ Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávaraflla undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [11. gr.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 109. gr.

■ [12. gr.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 109. gr.

■ [13. gr.]¹⁾

□ [Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.]²⁾

□ Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ [14. gr.]¹⁾

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

■ Ákvæði til bráðabirgða. . . .